

Fundur í skólaráði Snælandsskóla 4. feb. 2021

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir og Brynja Rut Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi nærsamfélagsins, Soffía Weisshappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara, Alma Ösp Óskarsdóttir og Björn Kári Sigurbjörnsson fulltrúar nemenda, Marianna Guðbergdóttir forstöðumaður frístundar og Magnea Einarsdóttir skólastjóri.

Skóladagatal 2021-2022, farið yfir skipulag og uppsetningu á því. Samþykkt í skólaráði með öllum greiddum atkvæðum.

Rætt um líðan nemenda og kynntar niðurstöður úr Skólapúlsi. Þar má sjá að líðan og ánægja í skólanum hefur dalað að mörgu leyti og það er þróun sem stjórnendur hafa áhyggjur af og vilja reyna að snúa við. Það sem vekur samt athygli er að nemendur í 10. bekk virðast jákvæðari og með meiri þrautseigju í námi en aðrir árgangar og þar er margt á uppleið.

Rætt um aðstöðu í tengslum við samkomutakmarkanir, hópastæðr í skóla og frístund. Starf í frístund hefur gengið vel en erfiðast hefur verið að hafa 3. bekk í öðru rými þar sem þeir mega ekki blandast öðrum. Þarf þá fleira starfsfólk og meira af aðföngum en allt hefur gengið þrátt fyrir takmarkanir.

Fram kom að nemendur voru ánægðir með vinnu á jafnréttisdegi skólans og skiluðu umræður sér úr skólanum og heim með kvöldmatnum.

Sagt frá að framundan er könnun í Skólapúlsinum sem verður lögð fyrir foreldra.

Fulltrúar foreldra sögðu frá að til stendur að fá fræðslu frá Pálma Ragnarssyni bæði fyrir nemendur og foreldra þar sem hann mun fjalla um notkun orkudrykkja.

Skólinn mun einnig vera með fyrirlestur fyrir foreldra þar sem Margrét Lilja frá Rannsókn og greiningu mun fjalla um niðurstöður könnunar um líðan nemenda í Snælandsskóla. Þessi kynning verður 23. febrúar en þann 9. og 11. febrúar verður sambærilega kynning þar sem farið verður yfir niðurstöður fyrir Kópavog í heild sinni.

Herdís Staaregard mun vera með fræðslu fyrir skólastjórnendur í tengslum við öryggi á skólalóð.

Fram kom að búið er að vinna að því hvernig hægt er að gera úrbætur á kastala á skólalóð eftir að nemandi fall þar fyrr í vetur.

Einnig sagt frá fyrirhuguðum fundi með húsnæðisnefnd sem mun koma í skólann til að skoða aðstæður. Fjöldi nemenda í Snælandsskóla hefur farið vaxandi undanfarin ár og hafa stjórnendur óskað eftir því að fá fleiri kennslustofur annað hvort sem lausar stofur eða með breytingu á húsnæðinu.

Rætt um skipulag öskudags en það verður eitthvað með öðru sniði en venjulega vegna samkomutakmarkana.

Rætt um að foreldrar eru mikið að keyra og sækja á æfingar með tilheyrandi slyshættu sem fylgir bílaumferð. Margir eru að keyra á stíg milli skólalóðar og gervigrass en slíkt er bannað og stórhættulegt þegar börn eru að hlaupa yfir stigin á æfingar. Einnig nefnt að þessari miklu bílaumferð fylgir mikil mengun fyrir íbúa sem búa í nágrenninu.

Fundi slitið.

Brynjar Ólafsson, ritari